

Aðgerðaráætlun Laugalandsskóla í eineltismálum

Stefnuyfirlýsing

Laugalandsskóli á að vera öruggur og uppbyggilegur vinnustaður. Daglegt líf og starf mótast af samvinnu, trausti og vellíðan í leik og starfi. Áhersla er lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

Markmið

Markmið eineltisáætlunar Laugalandsskóla er að starfsfólk, börn/ungmenn og foreldrar verði meðvitaðri um einelti, þannig að allir þekki einkennin, geti brugðist við þeim og viti hvert skal leita.

Skilgreining á einelti:

Margir velta fyrir sér muninum á því hvenær um er að ræða stríðni og hvenær stríðni verður að einelti. Álitnið er að stríðni verði að einelti þegar um endurtekna áreitni er að ræða og hegðunarmynstur þolandans breytist vegna hennar.

Einelti er **langvarandi** ofbeldi. Einstaklingur er tekinn fyrir og þíndur andlega eða líkamlega aftur og aftur af einum eða fleiri. Fórnarlambið stendur höllum fæti gagnvart gerandanum/gerendunum.

Einelti birtist í mörgum myndum s.s.:

- **Líkamlegt:** barsmíðar, spörk, hrindingar. Líkamlegir yfirburðir notaðir með niðurbriótandi hætti á einhvern hátt.
- **Munnlegt:** uppnefni, raddblær, eftirhermur, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni.
- **Skriflegt:** krot og bréfasendingar eða skilaboð í gegnum samfélagsmiðla
- **Óbeint:** baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi, augngotur, svipbrigði, afskiptasemi og ráðríki.
- **Efnislegt:** eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar.
- **Andlegt:** þegar barnið er þvingað eða hvatt til að gera eitthvað sem stríðir gegn vilja þess. Ef samskipti valda vanlíðan eða óöryggi og verða niðurbriótandi með einhverjum hætti.

Höfum hugfast:

- Polendur treysta sjaldan á að lausn felist í að stíga fram og gera viðvart. Þvert á móti óttast þeir að með því gæti ástandið versnar og varað lengur.
- Ræðum við börnin um muninn á því að klaga og segja frá.
- Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum, sem líður illa, til aðstoðar.
- Fylgjumst vel með tölvu- og símanotkun barnanna.

Er barnið lagt í einelti?

Hugsanlegar vísbendingar:

- Barnið virðist einangrað eða einmana.
- Barnið er ólíkt sjálfu sér.
- Breyting á viðbrögðum, svörum og líðan.
- Barnið færir undan því að fara í skólann.
- Barnið er oftast í varnarstöðu.
- Breytt viðhorf eða hegðun gagnvart félögum eða vinahóp.
- Skortur á einbeitingu, minni metnaður.
- Breytingar á skapi, viðkvæmni, jafnvel grátur.
- Árásargirni eða erfið hegðun.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir, líkamleg vanlíðan, veikindaförföll eða önnur undanbrögð.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát.
- Áverkar, rifin föt eða skemmdar eigur.
- Barnið ténir peningum eða öðrum eigum.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum, t.d. leikfimi, sund og félagsstörf.
- Barnið færir undan að segja frá.

Leggur barnið aðra í einelti?

Hugsanlegar vísbendingar:

- Barnið sýnir yfirgang.
- Barnið uppnefnir, stríðir, ögrar og baktalar.
- Barnið er of stýrandi í samskiptum.
- Barnið er ógnandi í samskiptum.
- Barnið talar niðrandi um aðra.

Forvarnir

Í Laugalandsskóla er lagt upp með einkunnarorðin samvinnu, traust og vellíðan í leik og starfi. Skólasamfélagið allt, þ.e. starfsfólk skóla, nemendur og aðstandendur, þarf að taka höndum saman við að ná þeim markmiðum.

Áherslur skólans og fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Áhersla á jákvæðan brag og almenna tillitsemi.
- Gott samstarf heimilis og skóla frá upphafi skólagöngu. Foreldrar upplýstir um aðgerðaráætlun og hvar hana er að finna. Foreldrum gert grein fyrir sínu hlutverki í tengslum við bekkjarsamkomur.
- Reglulegar heimsóknir í fræðsluskyni frá sérfræðingum sem koma að eineltismálum og öðrum sem hafa orðið fyrir einelti. Að minnsta kosti á þriggja ára fresti þ.e. einu sinni á hverju stigi.
- Opin umræða um samskipti og nemendum kennt að eiga jákvæð samskipti. Hvetja nemendur til að hugleiða stöðu sína og tjá sig.
- Stuðningur við kennara og aðra starfsmenn með menntun og fræðslu og þess gætt að kynna aðgerðaráætlun fyrir nýju starfsfólki. Kennarar nýta [gátlista](#) sér til stuðnings.
- Árlegar kannanir og eftirlit með líðan og félagslegri stöðu. Ef kannanir gefa ástæðu til skal hafa samband við foreldra og kalla eftir frekari upplýsingum.
- Nýir nemendur fá ávallt stuðningsaðila innan bekkjarins.
- Gott samstarf á milli bekkjardeilda.
- Góð aðstaða og góðar leikjastöðvar í frímínútum.
- Virk gæsla í vinnuhléum, á göngum, í matsal, á útisvæðum og íþróttahúsi.
- Aðilar skólans upplýsi hvern annan og með ábyrgum hætti.
- Aðgerðaáætlun Laugalandsskóla gegn einelti verði endurskoðuð árlega.
- Hver bekkur vinnur að gerð bekkjarreglna í upphafi skólaárs.
- Aðhald og stuðningur við góða hegðun nemenda í umhverfi skólans og hvar sem verið er á vegum skólans.
- Umsjónarkennarar ræða við nemendur um ýmis mál og leysa úr ágreiningsmálum ef það á við, annað starfsfólk leiti til umsjónarkennara með upplýsingar er varðar samskipta vandamál.
- Hvetja nemendur og foreldra til að láta vita ef grunur er um vanlíðan eða einelti.
- Unnið með verkfæri Jákvæðs aga – t.d. bekkjarfundir.

Samskiptavandi

Umsjónarkennari hefur alla jafna umsjón með samskiptum nemenda sinna í samvinna við annað starfsfólk skólans. Komi upp grunur starfsfólks um um samskiptaörðugleika eða jafnvel grunur um einelti tekur við ferli þar sem starfsfólk fylgist sérstaklega með samskiptum viðkomandi aðila. Allir starfsmenn settir inn í málið og þeir vinna út frá þar til gerðum verklagsreglum. Sé málið einfalt í vinnslu vinnur umsjónarkennari það áfram og upplýsir foreldra eftir því sem við á. Sé málið flóknara eða óljóst á einhvern hátt er því vísað til aðgerðateymis.

Aðgerðateymi

Aðgerðateymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans. Meðal hlutverka teymisins er að sjá til þess að upplýsingaflæði innan skólans og milli skóla og heimilis sé skilvirkt ef grunur leikur á að um einelti sé að ræða. Í aðgerðateymi eru:

- Skólastjóri/deildarstjóri/aðstoðarskólastjóri
- 2 kennarar

Aðgerðateymi skólans starfar á ábyrgð skólastjórnenda. Aðgerðateymið bregst við þegar tilkynnt er um mögulegan samskiptavanda eða einelti. Unnið er með starfsfólki skólans og foreldrum eftir eðli mála hverju sinni.

Viðbrögð

Eineltismál sem upp koma geta verið ólík en í öllum tilvikum skal bregðast skjótt við og setja vinnuferlið af stað.

Vinnuferli skólans skiptist í:

- Könnunarferli: Með samstilltu verkefni er reynt að fá skilning á raunveruleika málsins.
- Aðgerðaferli: Tekur við af könnunarferli ef grunur um einelti reynist á rökum reistur.

Allir sem telja að ástæða sé til geta tilkynnt

Óskað er eftir að grunur um samskiptavanda eða einelti sé tilkynntur formlega þ.e. á þar til gerðu eyðublaði. Með því verður staða þess sem tilkynnir sem og skólans sem móttækur tilkynninguna traustari. Tilkynningin er staðfesting á að einhver gerði viðvart og um leið hefur skólinn formlega ástæðu og aukna ábyrgð í að bregðast við og rannsaka málið. Eyðublaðið má nálgast á [heimasíðu skólans](#).

Ferli eineltismála:

Ef foreldra/forráðamenn grunar að barn þeirra verði fyrir einelti skulu þeir þegar í stað hafa samband við skólann. Ef starfsmann skólans grunar að nemandi sé lagður í einelti, ber honum að láta umsjónarkennara vita, þannig að hægt sé að taka á málum.

Eineltismál eru ólík og því verður að miða viðbrögð við hvert einstakt tilfalli. Þegar grunsemdir vakna um einelti fer af stað ákveðið vinnuferli.

Þessu vinnuferli má skipta í könnunarferli og aðgerðaferli. Sjá má nánari útskýringar [hér](#).

Könnunarferli:

- Umsjónarkennari gerir foreldrum/forráðamönnum viðvart (ef ábending kemur ekki þaðan) og biður þá að fylgjast með líðan barnsins í tiltekinn tíma.
- Umsjónarkennari aflar upplýsinga frá kennurum, starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum.
- Umsjónarkennari heldur fund ásamt stjórnanda með kennurum og starfsmönnum sem annast viðkomandi nemanda. Þeir fylgjast með þolanda og geranda í ákveðinn tíma og halda skrá yfir það sem þeir verða varir við.
- Umsjónarkennari leggur fyrir tengslakönnun í bekknum.

Ef grunur um einelti reynist á rökum reistur þá fer aðgerðaferli í gang.

Aðgerðaferli:

- Umsjónarkennari leggur upplýsingar sem hann hefur aflað fyrir aðgerðateymi skólans. Ef álitid er að um einelti sé að ræða kemur til frekari framkvæmda.
- Aðgerðateymi vinnur með umsjónarkennara að áætlun um upprætingu eineltisins. Áætlunin er kynnt viðkomandi starfsmönnum innan skólans.
- Aðgerðateymi boðar foreldra/forráðamenn þolanda og geranda til fundar.
- Foreldrum/forráðamönnum þolanda og geranda er gerð grein fyrir:
 - þeirri aðstoð sem skólinn getur veitt nemendum.
 - hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða börn sín.
 - að þeim standi til boða að tala við sálfræðing og aðra sérfræðinga sem skólinn hefur aðgang að.
- Umsjónarkennari vinnur markvisst að því að uppræta eineltid í bekknum út frá bekkjarreglum.
- Aðgerðateymi gerir fulltrúum í nemendaverndarráði grein fyrir stöðu mála.
- Misjafnt er hvað aðgerðaráætlun nær yfir langan tíma, veita þarf aðhald og eftirfylgd áður en metid verður hvort hægt sé að loka málinu.
- Aðgerðateymi skráir allt ferlið á sérstakt skráningarblað sem farið verður með sem trúnaðarmál og geymt á öruggum stað.
- Ef ekki tekst að leiða mál til lykta er málinu vísað til barnaverndaryfirvalda ásamt skráningu á málsatvikum.

Stöndum saman gegn einelti

Okkur hættir til að ætla sérfræðingum að bera ábyrgð á því sem er vandasamt, erfitt og flókið. Lausnin liggur þvert á mót í því að allir deili ábyrgð og láti sig líðan annarra varða, sýni umburðarlyndi og nærgætni í garð náungans. Við getum öll verið sammála um að einelti er hegðunarmynstur sem nauðsynlegt er að uppræta þannig að enginn þurfi að búa við þá niðurlægingu sem eineltinu fylgir.

Hvað geta aðstandendur gert til að hjálpa börnum sínum að takast á við einelti?

- Ræðið við og hlustið á barnið segja frá skólanum.
- Kynnið ykkur viðbragðsáætlun skólans gegn einelti.
- Hafið samband við umsjónarkennara eða stjórnendur skólans.
- Bregðist við vanda barnsins með umhyggju.
- Látið barnið finna að það eigi vísan stuðning.
- Tilkynnið skólanum um grunsemdir ykkar.

Ef barn er gerandi, hvað geta foreldrar/forráðamenn þess gert?

- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin.
- Fylgst vel með barninu, hvernig það verji frítíma sínum og lagt sig fram um að kynnast vinum þess.
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

Fróðleikur um eineltismál

[Hvað er einelti](#)

[Neteinelti](#)

[Saman gegn einelti](#)

[Góð ráð fyrir foreldra](#)

[Fræðsla til foreldra](#)

[Handbók um einelti](#)